

Miðvikudaginn 9. apríl 1973.

Nr. 158/1972: **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Einari Þór Kolbeinssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar:

Jón Ragnar Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp inn áfrýjaða dóm.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Þórður Möller yfirlæknir látið uppi umsögn um heilsuhagi og persónugerð ákærða o. fl. á grundvelli læknisfræðilegra athugana, sem eru þó ekki framkvæmdar í því skyni gagngert að kanna sakhæfi hans. Í lok umsagnarinnar lýsir yfirlæknirinn þeirri skoðun sinni, að ákærði sé sakhæfur. Því er lýst í umsögninni, að ákærði hafi verið „haldinn nokkurri morfínfíkn“, er hann framdi afbrot þau flest, sem hann er sóttur til saka út af í máli þessu. Jafnframt er þess getið, að ákærði virðist „furðu ómarkaður af þessari misnotkun sinni“ á morfíni, og telur yfirlæknirinn verulegar líkur til þess, að hann sé kominn yfir morfínhneigð sína, þótt um það verði ekki fullyrt.

Ákærði gekk í hjúskap hinn 25. desember s.l. Hann hefur ekki gerzt sekur um nein afbrot, svo að kunnugt sé, eftir að brotaferli þeim lauk, sem mál þetta lýtur að. Samkvæmt gögnum, er fram hafa verið lögð, er hann búsettur og stundar atvinnu í kaupstað norðanlands.

Ákærði hóf brotaferil sinn, sem ákæra í máli þessu varðar, er hann var 16 ára að aldri, en honum lauk, er hann var 18 ára. Brot hans flest virðist mega rekja til morfínhneigðar hans. Brot hans eru réttilega færð til refsíákvæða í héraðsdómi, þó svo, að taka á peningakassa, sem greinir í III, 2 í ákæruskjali, með því, sem í honum var, er fullframið brot samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er að vísu sannur að mörgum brotum, en þegar ungur aldur hans er hafður í huga og sérstæð málsatvik, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 12 mánaða fangelsi. Fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að 4 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955 verður haldið. Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldsvistar ákærða, ef til fullnustu refsingar kemur, er staðfest.

Krafa Vélsmiðjunnar Völundar h/f á hendur ákærða um greiðslu fundarlauna að fjárhæð kr. 10.000.00, sem fyrirtæk-ið telur sig hafa greitt, svo sem lýst er í héraðsdómi, vegna leitar að peningakassa og fundar hans, er eigi studd neinum gögnum, þ. á. m. er ekki lögð fram kvittun um greiðslu fjár þessa. Með því að tjón þetta er ekki sannað, ber að vísa kröfu þessari frá héraðsdómi, sbr. 146. gr. laga nr. 82/1961. Að öðru leyti ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um bóta-kröfur á hendur ákærða.

Eftir atvikum þykir verða að sitja við úrlausn héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar, að því er ákærða varðar. Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 15.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Einar Þór Kolbeinsson, sæti fangelsi 12 mánuði. Fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að liðnum 4 árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldsvistar, ef til fullnustu refsingar kemur, er staðfest.

Framangreindri bótakröfu er vísað frá dómi, en að öðru leyti er úrlausn héraðsdóms um bótakröfu á hendur ákærða staðfest.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað, að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 15.000.00, og laun verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 26. september 1972.

Mál þetta er með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dags. 21. janúar 1972, höfðað „á hendur Einari Þór Kolbeinssyni og Maríu Óskarsdóttur, báðum til heimilis að Hólagötu 44 í Vestmannaeyjum, fyrir eftirtalin þjófnaðarbrot, framin í Vestmannaeyjum sumarið og haustið 1971, þegar þau bjuggu saman, að tveimur undanteknum, sem ákærði framdi á árinu 1970.

I.

Gegn ákærða, Einari Þór Kolbeinssyni, er málið höfðað fyrir að hafa á alllöngu tímabili, einkum sumarið og haustið 1971, farið á næturþeli í eftirtalda vélbáta í Vestmannaeyjahöfn eða þar í skipasmíðastöðinni og í veiðarfærageymslur og stolið eða reynt að stela úr lyfjakistum eða annars konar lyfjageymslum bátanna morfíni og nokkru fleiru, svo sem rakið verður. Brotin framdi ákærði ýmist með innbroti eða með því að laumast í bátana. Morfínið notaði hann til að sprauta sjálfan sig með og einnig til að sprauta ákærðu, Maríu, með, en bæði voru þau á þessum tíma sólgin í lyf þetta.

A. Þjófnaðir.

1. Að stela í marz 1970 pakka með 6 morfínsprautum úr m/b Öðlingi, en þá var ákærði að vinna um borð í bátnum. Einnig stal hann merkjabyssu úr báti þessum.

2. M/b Skúli fógeti, sennilega 30. september 1971. Stolið 6 morfínsprautum.

3. M/b Eyjaberg, sennilega 21. október 1971. Stolið 6 morfínsprautum.

4. M/b Baldur, sennilega 25. október 1971. Stolið morfíni.

5. M/b Ófeigur II, sennilega 29. október 1971. Stolið kassa með 6 morfínsprautum.

6. M/b Kap II, sennilega 31. október 1971. Stolið morfíni.

7. M/b Sjöstjarnan, 6. eða 7. nóvember 1971. Stolið 6 morfínsprautum og stauk með ópíumtöflum.

8. M/b Einir, 9. eða 10. nóvember 1971. Stolið 3 morfínsprautum og glasi með ópíumtöflum.

9. M/b Sæborg, 11. nóvember 1971. Stolið morfíni.

10. M/b Sindri, óvíst hvaða dag. Stolið morfíni.

11. M/b Andvari, m/b Haförn, m/b Sæunn, m/b Frigg, m/b Elías Steinsson.

Á haustinu 1971 fór ákærði í alla þessa báta og stal 6 morfínsprautum úr hverjum.

12. M/b Guðfinnur Guðmundsson, sennilega 29. eða 30. október 1971. Stolið kassa með morfínsprautum.

Til vara telst ákærði hafa gert tilraun til morfínþjófnaðar í báti þessum.

B. Þjófnaðartilraunir.

13. M/b Hellisey, 2. nóvember 1971. Inn í bátinn fór ákærði með þjófalykli í þjófnaðarskyni, en hvarf frá án þess að stela neinu.

14. M/b Jón Eiríksson, 6. nóvember 1971. Brotizt inn í þjófnaðarskyni, brotinn upp lyfjakassi. Engu stolið.

15. M/b Sigurfari, 6. nóvember 1971. Í morfínþjófnaðarskyni fór ákærði í bát þennan og rótaði í lyfjakistu hans. Engu stolið.

16. M/b Frár, 11. nóvember 1971. Inn í bát þennan brauzt ákærði í því skyni að stela morfíni. Brotið eigi talið fullframið.

17. M/b Meta, 11. nóvember 1971. Í morfínþjófnaðarskyni reif ákærði upp gúmmíþjörgunarbát undir hvalbaknum og reif upp meðalahirzlu þjörgunarbátsins og dreifði úr henni innihaldinu, engu stolið.

18. M/b Hellisey, 14. nóvember 1971. Ákærði fór í morfínþjófnaðarskyni í bát þennan, en lögreglan handtók hann á vettvangi, áður en hann hafði stolið neinu. Var ákærða María þar í grennd á bryggjunni.

19. Veiðarfærageymsla m/b Ófeigs við Strandstíg, sennilega 30. október 1971. Brotizt inn í geymsluna í morfínþjófnaðarskyni, lyfjakassi tekinn úr gúmmíþjörgunarbáti og dreift úr honum innihaldinu. Engu stolið.

20. Veiðarfærageymsla m/b Einis við Strandstíg, sennilega 6. nóvember 1971. Í morfínþjófnaðarskyni brauzt ákærði inn í geymsluna, skar þar upp gúmmíþjörgunarbát, náði úr honum lyfjakassa og dreifði úr honum innihaldinu. Engu stolið.

Verknaðir þeir, sem lýst er í liðum A 1—12, þykja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. til vara 20. gr. sömu laga, að því er lið 12 snertir, en verknaðir þeir, sem lýst er í liðum B 13—20, þykja varða við 244. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga.

II.

Enn fremur er ákærða, Einari Þór Kolbeinssyni, gefið að sök að hafa framið eftirtalin þjófnaðarbrot:

A. Þjófnaðir.

1. Að brjótast, þriðjudagsnóttina 1. júní 1971, inn í húsakynni netaverkstæðisins Nýja Geirseyrin og stela þar úr peningakassa, sem hann sprengdi upp, nokkru af gömlum peningaseðlum, sem hann seldi fyrir um kr. 5.000.00, og auk þess minnispeningi og 10 króna gullpeningi, dönskum.

2. Að brjótast, föstudagsnóttina 18. júní 1971, inn í húsakynni netaverkstæðis Nýja Geirseyrin og stela þar línubyssu. Peningaskáp fyrirtækisins reyndi ákærði að opna, en án árangurs.

3. Að brjótast, sunnudagsnóttina 22. ágúst 1971, í þjófnaðarskyni inn í byggingavöruverzlun Ársæls Sveinssonar og leita þar að peningum, en ákærði fór af vettvangi án þess að stela öðru en nokkrum lyklum, sem hann síðar fleygði.

4. Að brjótast, sunnudagsnóttina 22. ágúst 1971, inn í timburursölu Kaupfélags Vestmannaeyja og stela þar úr peningakassa kr. 10.000.00 í peningum.

5. Að brjótast, laugardagsnóttina 4. september 1971, inn í Skipaafgreiðslu Herjólfss á Básaskersbryggju, brjóta þar í skrifstofu upp peningaskáp og einnig peningakassa, sem í honum voru, og stela allt að kr. 53.000.00, sem að nokkru voru eign fyrirtækisins, en að nokkru forstöðumanns hennar, Sigurgeirs Sigurjónssonar.

6. Að brjótast, laugardaginn 23. október 1971, inn í húsið Strandveg 80 og þar inn í skrifstofu Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja, brjóta þar upp peningaskáp og stela úr honum kr. 11.500.00.

B. Þjófnaðartilraunir.

7. Að brjótast, sunnudagsnóttina 23. ágúst 1970, í þjófnaðarskyni inn í skrifstofu Olíusamlags Vestmannaeyja og reyna þar m. a. árangurslaust að sprengja upp peningaskáp, en ákærði fór af vettvangi án þess að stela neinu.

8. Að brjótast, miðvikudagsnóttina 10. nóvember 1971, í þjófnaðarskyni inn í bakhús við Apótek Vestmannaeyja í leit að peningum og morfini, en ákærði fór af vettvangi án þess að stela neinu. Verknaðir þeir, sem lýst er í liðum A 1—6, þykja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en verknaðir þeir, sem lýst er í liðum B 7—8, þykja varða við sömu grein, sbr. 20. gr. hegningarlaganna.

III.

Gegn báðum hinum ákærðu er málið höfðað fyrir að hafa í sameiningu gerzt sek um eftirtalin þjófnaðarbrot, sem varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940:

1. Að fara eitt sinn í apríl eða maí 1971 inn um ólæstar dyr í Vélsmiðjunni Völundi og stela þar dálitlu af sælgæti, öli og gosdrykkjum.

2. Að brjótast, laugardagsnóttina 17. júlí 1971, inn í Vélsmiðjuna Völund og stela þar peningakassa fyrirtækisins með allt að kr. 15.000.00 í peningum, nótubókum og tryggingarbréfi að upphæð kr. 100.000.00.

Kassann braut ákærði upp heima hjá hinum ákærðu.

3. Að brjótast, sunnudagsnóttina 29. ágúst 1971, inn í hús dánarþús Ársæls Árnasonar, Strandvegi 80, og brjóta þar upp margar læstar dyr. Í húsi þessu er skrifstofa Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja. Inn í hana brutust ákærðu, og reyndi ákærði þar að brjóta upp peningaskáp, en án árangurs. Í þessu innbroti stálu ákærðu um kr. 5.000.00 úr tösku Þórarins Jónssonar bókhaldara í skrifstofu hans, sem ákærðu brutu upp.

Þess er krafizt, að hin ákærðu verði dæmd til refsingar, skaðabótagreiðslu og til greiðslu sakarkostnaðar.“

Hin ákærðu eru sakhæf.

Ákærði, Einar Þór Kolbeinsson, er fæddur 15. maí 1953 í Vestmannaeyjum og hefur ekki sætt refsingu eða öðrum viðurlögum, svo kunnugt sé.

Ákærða, María Óskarsdóttir, er fædd 13. október 1954 á Húsa-vík og hefur ekki sætt refsingu eða öðrum viðurlögum, svo kunnugt sé.

Verjandi hinna ákærðu gerir þær dómkröfur, að ákærðu verði látin sæta vægustu refsingum, sem lög leyfa, fyrir afbrot sín og verði dómur skilorðsbundinn og hæfileg málsvarnarlaun hans vegna beggja ákærðu svo og þóknun hans fyrir réttargæzlu, með-

an á gæzluvarðhaldi stóð, ákveðinn í dóminum og greidd af ríkissjóði.

Málavextir eru þeir sem hér verður rakið:

I. A. Þjófnaðir.

1. Í vorbyrjun 1970 hóf ákærði Einar Þór Kolbeinsson störf hjá Vélsmiðjunni Völundi sem nemi í vélvirkjun. Starf ákærða var fólgið í bátaviðgerðum og bátapjónustu, en einnig var ákærði stundum sendur í fyrirtæki hér í bæ til viðgerða. Eitt sinn sem oftast var ákærði sendur í bát til viðgerðar, en báturinn var í slipp. Á káetugólfi sá ákærði lyfjakistu bátsins, og fór ákærði að skoða í hana og sá þar pakka með sex morfínsprautum. Á pakkanum voru ritaðar leiðbeiningar á dönsku, er ákærði las. Pakkan fór ákærði síðan með heim til sín, en ákærði bjó þá á Túngötu hér í bæ, og notaði ákærði innihaldið til að sprauta sjálfan sig, eina sprautu á kvöldi. Enginn var við, er ákærði sprautaði sig, og engum sagði hann frá því. Bátur sá, er hér um ræðir, er m/b Öðlingur, og hefur ákærði játað fyrir rétti að hafa tekið úr honum sex morfínsprautur. Þá hefur ákærði einnig játað að hafa tekið merkjabyssu úr þessum sama báti.

2. Fimmtudaginn 30. september 1971 tilkynnti skipstjórinn á m/b Skúla fógeta, að brotízt hefði verið inn í bátinn, lyfjakistan verið brotin upp og tekið úr henni morfínsprautur og ópíumtöflur.

Ákærði hefur hjá lögreglu og hér fyrir dómi játað að vera valdur að innbroti þessu. Ákærði sagðist þó aðeins hafa stolið morfíni, en engar ópíumtöflur sagðist hann hafa tekið. Morfínið fór ákærði með heim til sín, en ákærði var þá fluttur að Hólagötu hér í bæ, og sprautaði hann sig þar.

3. Fimmtudaginn 21. október 1971 barst lögreglunni tilkynning um, að brotízt hefði verið inn í m/b Eyjaberg, en báturinn var þá í slipp. Skipstjóri bátsins, er tilkynnti um innbrotið, taldi, að teknar hefðu verið sex morfínsprautur og ópíumpillur.

Ákærði hefur játað að hafa framið innbrot þetta, en sagðist aðeins hafa tekið morfín, og verður að leggja þann framburð hans til grundvallar, þar sem öll frekari gögn vantar um, að ákærði hafi stolið ópíumtöflum í innbroti þessu. Samkvæmt því verður að telja, að ákærði hafi aðeins stolið sex morfínsprautum í innbroti þessu.

4. Mánudaginn 25. október kom tilkynning til lögreglu um, að farið hefði verið inn í m/b Baldur, þar sem hann lá í slippnum. Við vettvangsrannsókn kom í ljós, að spennt hafði verið upp

hurð að stýrishúsi og síðan farið inn í klefa skipstjóra og rótað þar til í skúffum. Einskis var saknað úr bátnum annars en ljóskastara, er fannst þó síðar. Ákærði hefur hjá lögreglu og fyrir dómi játað að hafa brotízt inn í bát þennan í fyrrgreint sinn. Hann sagðist aðeins hafa tekið morfín úr bátnum, en ekkert annað.

Skaðabótakrafa hefur komið fram vegna innbrots ákærða í bát þennan, eins og rakið verður sérstaklega hér á eftir.

5. Föstudaginn 29. október var tilkynnt, að brotízt hefði verið inn í m/b Ófeig II og stolið þaðan kassa með 6 morfínsprautum.

Ákærði hefur hjá lögreglu og hér fyrir dómi viðurkennt að vera valdur að þessu innbroti og viðurkennt að hafa stolið morfíni úr bátnum.

6. Mánudaginn 1. nóvember barst lögreglunni tilkynning um innbrot í m/b Kap II. Skipstjóri bátsins taldi, að farið hefði verið í bátinn aðfaranótt sunnudagsins 31. október, en báturinn lá við festar í Friðarhöfn. Skipstjórinn taldi, að stolið hefði verið morfínsprautum úr bátnum.

Ákærði hefur hjá lögreglu og hér fyrir dómi viðurkennt innbrot í bátinn og jafnframt að hafa stolið þaðan morfíni.

7. Þá hefur ákærði játað bæði hjá lögreglu og eins hér fyrir dómi að hafa brotízt inn í m/b Sjöstjörnuna og brotið þar upp fjórar skúffur og náð þannig í morfínpakkann með sprautunum sex. Ákærði hefur hins vegar algerlega neitað að hafa stolið nokkru öðru úr bátnum.

Talið er, að þjófnaður þessi hafi átt sér stað 6. eða 7. nóvember 1971, en lögreglu barst tilkynning um innbrotið 8. nóvember 1971, og taldi skipstjóri bátsins, að stolið hefði verið úr bátnum morfíni og glasi með ópíumtöflum.

Þar sem öll frekari gögn vantar um, að ákærði hafi stolið ópíum í innbroti þessu, og með hliðsjón af neitun ákærða sjálfs, verður aðeins talið, að ákærði hafi stolið sex morfínsprautum í innbroti í fyrrgreindan bát.

8. Miðvikudaginn 10. nóvember 1971 tilkynnti Gísli R. Sigurðsson, útgerðarmaður og eigandi m/b Einis, að brotízt hefði verið í bát hans og stolið þaðan þremur sprautum af morfíni og einnig glasi af ópíumtöflum. Tilkynnandi sagðist hafa vitað, að morfínið og ópíumtöflurnar voru á sínum stað á hádegi daginn áður, en hann sagðist hafa geymt lyf þessi í lokaðri skúffu í klefa skipstjóra, en ekki í meðalahirzlunni, en hann sagði, að sá, er innbrotið framdi, hefði sýnilega verið búinn að leita þar.

Ákærði hefur bæði hjá lögreglu og eins hér fyrir dómi viður-

kennt að vera valdur að innbrotinu í bátinn, og þar segist hann hafa stolið þremur morfínsprautum og glasi með ópíumtöflum.

Skaðabótakrafa hefur komið fram vegna innbrots ákærða í bát þennan, eins og rakið verður sérstaklega hér á eftir.

9. Úr m/b Sæborgu viðurkenndi ákærði hjá lögreglu og eins hér fyrir dómi að hafa stolið morfíni 11. nóvember 1971. Til þess að ná morfíninu þurfti ákærði að brjóta upp læstar hurðir, en morfínið var geymt í læstum skáp. Ákærði neitaði hins vegar að hafa stolið vasaljósi úr bátnum.

Innbrotið var tilkynnt lögreglu.

Ákærði er aðeins ákærður fyrir morfínþjófnaði og verður því ekki dæmdur fyrir annað eða meira.

10. Í ákæruskjali er ákærða gefið að sök að hafa stolið morfíni úr m/b Sindra, en sagt er í ákæru, að ekki sé víst, hvaða dag það hafi verið.

Ákærði hefur hér fyrir dómi viðurkennt að hafa stolið morfíni úr báti þessum, og samkvæmt málsskjölum er sennilegast, að það hafi verið seinni hluta október 1971.

11. Í ákæruskjali er ákærða einnig gefið að sök að hafa farið í m/b Andvara, m/b Haförn, m/b Sæunni, m/b Frigg og m/b Elías Steinsson á haustinu 1971 og stolið 6 morfínsprautum úr hverjum þessara báta.

Ákærði hefur bæði hjá lögreglu og eins hér fyrir dómi viðurkennt að hafa farið í báta þessa og stolið 6 morfínsprautum úr hverjum þeirra. Tími sá, er talið er í ákæru, að þjófnaðir þessir hafi verið framdir á, er rétt tilgreindur.

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu er sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um morfínþjófnaði í framangreindum bátum, eins og rakið hefur verið í liðum A 1—12 hér að framan, og auk þess stolið glasi með ópíumtöflum úr m/b Eini og merkjabyssu úr m/b Öðlingi.

Verknaði ákærða, er hann framdi innbrot þessi, er í ákæruskjali, dags. 21. janúar s.l., rétt lýst og hann þar réttilega heimfærður undir 244. gr. almennra hegningarlaga.

12. Í ákæruskjali er ákærða gefið að sök að hafa farið, sennilega 29. eða 30. október 1971, í m/b Guðfinn Guðmundsson og stolið úr honum kassa með morfínsprautum. Ákært er fyrir þjófnað, en til vara talið, að ákærði hafi gert tilraun til morfínþjófnaðar í báti þessum.

Laugardaginn 30. október 1971 tilkynnti Sigurður Óskarsson útgerðarstjóri lögreglunni, að tekinn hefði verið kassi með mor-

fínsprautum úr m/b Guðfinni Guðfinnssyni. Útgerðarstjórinn sagði, að farið hefði verið í sjúkrakassann og notaður lykill til að opna hann, en lykillinn sagði tilkynnandi, að hefði verið í ólæstri skúffu. Ekki hvað hann neitt hafa verið skemmt og ekkert tekið annað en morfín. Baturinn lá við Friðarhafnarbryggju, og var talið sennilegt, að í bátinn hefði verið farið þá um nóttina eða næstu nótt þar á undan.

Ákærði hefur bæði hjá lögreglu og eins hér fyrir dómi viðurkennt að hafa farið í bát þennan í leit að morfíni, en segist hins vegar engu hafa stolið, þar sem hann hafi aðeins leitað eftir morfíni, en ekki fundið það.

Verknaði ákærða er rétt lýst í ákæruskjali, dags. 21. janúar s.l., þó verður að gera þá athugasemd, að gegn neitun ákærða, og þar sem frekari gögn skortir, verður ákærði ekki talinn hafa tekið morfín úr báti þessum.

Brot ákærða telst því tilraun til morfínþjófnaðar og varðar þannig við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

B. Þjófnaðartilraunir.

13. Þriðjudaginn 2. nóvember 1971 tilkynnti skipstjórinn á m/b Hellisey, að brotízt hefði verið inn í bátinn, en hurð á stjórnklefa hefði verið brotin upp. Lyfjakista bátsins sagði skipstjórinn, að hefði verið opnuð og rótað til í henni, en ekki saknaði skipstjórinn neins úr kistunni né neins annars úr bátnum.

Ákærði hefur bæði hjá lögreglu og eins hér fyrir dómi játað að hafa brotízt inn í bátinn í leit að morfíni og sagði fyrir dómnum, að hann hefði komið inn í bátinn með þjófalykli, en ekkert morfín né neitt annað sagðist ákærði hafa tekið úr bátnum.

14. Laugardaginn 6. nóvember tilkynnti skipstjórinn á m/b Jóni Eiríkssyni, að brotízt hefði verið inn í bátinn þá um nóttina. Við vettvangsrannsókn lögreglu kom í ljós, að brotinn hafði verið upp lyfjakista bátsins og rótað í henni. Ekki vissi skipstjórinn, hvort nokkur lyf hefðu horfið úr kistunni.

Ákærði hefur hér fyrir dómnum viðurkennt að hafa brotízt inn í bátinn í fyrrgreint sinn í því skyni að stela morfíni. Ákærði sagðist engu hafa stolið, þar sem ekkert morfín hafi verið þar að finna.

15. Ákærði játaði hjá lögreglu og eins hér fyrir dómnum að hafa farið í m/b Sigurfara aðfararnótt laugardagsins 6. nóvember 1971 í leit að morfíni, en báturinn lá við Friðarhöfn. Ákærði

opnaði lyfjakistu bátsins og rótaði til í henni, en fór úr bátnum án þess að taka nokkuð.

16. Fimmtudaginn 11. nóvember tilkynnti vélstjóri á m/b Frá, VE, lögreglunni, að farið hefði verið í bátinn þá um nóttina, en báturinn var í slipp ásamt öðrum bátum. Vélstjórinn sagði, að stýrishúshurðin hefði verið dýrkuð eða opnuð með lykli. Káetu-hurðin sagði vélstjórinn, að hefði verið brotin upp, og sagði hann allt morfín vera horfið úr bátnum.

Ákærði hefur játað bæði hjá lögreglu og eins hér fyrir dómi að hafa farið í bát þennan í þeim tilgangi að finna og taka morfín. Ákærði hefur hins vegar algerlega neitað að hafa tekið nokkurt morfín úr bátnum, þar sem ekkert morfín hafi verið í bátnum.

Þar sem öll frekari gögn vantar, er sanni, að ákærði hafi stolið morfíni úr m/b Frá 11. nóvember 1971, verður litið svo á, að ákærði hafi einungis gert tilraun til morfínþjófnaðar, er hann fór í bátinn, en í ákæru er talið, að brot þetta hafi ekki verið fullframið, en réttilega heimfært undir 244. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaganna.

Skaðabótakrafa hefur komið fram vegna innbrots ákærða í bát þennan, eins og rakið verður sérstaklega hér á eftir.

17. Sama dag og lögreglu var tilkynnt um innbrot í m/b Sæborgu og m/b Frá sagði skipstjórinn á m/b Metu, að gúmmíbjörgunarbátur bátsins hefði verið rifinn upp þá um nóttina, en m/b Meta lá í slipp eins og m/b Sæborg og m/b Frár. Einskis saknaði skipstjórinn úr bátnum, en sagði, að meðalastaukur, er verið hefði í gúmmíbjörgunarbátnum, hefði fundizt og innihald hans hefði verið dreift út um allan bát.

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa farið í m/b Metu 11. nóvember 1971 og rifið upp gúmmíbjörgunarbátinn, en sagðist engu hafa stolið.

18. Aðfararnótt sunnudagsins 14. nóvember 1971 var lögreglan á varðgæzlu við Vestmannaeyjahöfn. Lögreglan varð þá vör við mann, er fór í m/b Hellisey við Nausthamarsbryggju, er lá þar bundin. Einnig sá lögreglan stúlku, er stóð við símaklefa þar á höfninni. Lögreglan fór þegar um borð í m/b Hellisey og sá þá ákærða, þar sem hann var í stjórnklefa og hafði komizt þar inn með því að opna með þjófalykli. Ákærði var handtekinn þarna á vettvangi, áður en hann náði að stela nokkru, en ákærði sagðist vera í leit að morfíni. Ákærða María var einnig tekin af lögreglu, en hún hafði staðið á bryggjunni.

Ákærði hefur bæði hjá lögreglu og eins hér fyrir dómi viður-

kennt að hafa gert tilraun til morfinþjófnaðar, en ekki náð að stela einu, þar sem lögreglan handtók hann áður. Hann sagði, að hann hefði beðið ákærðu, Maríu, að koma með sér.

19. Laugardaginn 30. október var hringt til lögreglunnar og henni tilkynnt, að brotízt hefði verið inn í veiðarfærageymslu m/b Ófeigs við Strandstíg. Við vettvangsrannsókn kom í ljós, að gúmmíbjörgunarbátur hafði verið dreginn út á gólf og blásinn þar upp. Lögreglan taldi, að báturinn hefði verið blásinn upp, til að hægt yrði að komast að lyfjakassanum, en hann hafði verið sprengdur upp og innihaldinu dreift út um allt gólf. Ekki var hægt að sjá, að neitt hefði verið tekið, en farið hafði verið inn í geymsluna með því að skríða inn um opinn glugga, sem var á norðurhliðinni.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum viðurkennt innbrot þetta. Ákærði sagðist hafa blásið upp gúmmíbjörgunarbátinn til að komast að morfininu, er hann taldi þar vera, en ekkert fundið og því farið í burt án þess að stela einu.

20. Laugardaginn 6. nóvember 1971 tilkynnti Gísli R. Sigurðsson útgerðarmaður lögreglunni, að brotízt hefði verið í veiðarfærageymslu hans við Strandstíg. Við vettvangsrannsókn lögreglu kom í ljós, að farið hafði verið inn í geymsluna inn um hurð á suðurhlið, en hún hafði verið spennt upp með járn, er þar fannst. Í kassa á gólfinu var gúmmíbjörgunarbáturinn, en á hann hafði verið skorið gat, en það gerði mögulegt að komast að lyfjakassa gúmmíbjörgunarbátsins. Innihaldinu var dreift um allt gólf, en ekki var séð, að neitt hefði horfið úr kassanum.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum viðurkennt að hafa brotízt inn í veiðarfærageymslu m/b Einis í fyrrgreint sinn, en engu sagðist hann hafa stolið. Hann viðurkenndi að hafa skorið á gúmmíbjörgunarbátinn og sprengt upp hurðina.

Skaðabótakrafa hefur komið fram vegna þessa innbrots, eins og rakið verður sérstaklega hér á eftir.

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu þykir sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um tilraun til þjófnaðar á morfíni í bátum og veiðarfærageymslum hér í Vestmannaeyjum, eins rakið hefur verið í liðum B 13—20 hér að framan.

Hegðun ákærða, er hann framdi þessi innbrot, er rétt lýst í ákæruskjali, dags. 21. janúar 1972, og hún þar réttilega heimfærð undir 244. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaganna.

II. A. Þjófnaðir.

1. Þriðjudaginn 1. júní 1971 var lögreglunni tilkynnt, að brotízt hefði verið inn í netjaverkstæði Nýju Geirseyrarinnar við Strandveg. Í vettvangsrannsókn lögreglu segir, að brotin hafi verið upp hurð, er liggi að skrifstofu. Talið var, að farið hefði verið inn í húsið með því að skríða inn um glugga á neðstu hæð hússins. Einskis var saknað annars en peningakassa, og taldi eigandi hans, að í honum hefði verið kr. 2.000.00 til 3.000.00 krónur. Peningakassinn fannst síðan í húsinu, og sást þá, að hann hafði verið spenntur upp og var tómur.

Ákærði hefur hjá lögreglu og eins hér fyrir dómi viðurkennt að vera valdur að innbroti þessu. Ákærði segist hafa farið inn um opinn glugga á bakhlið hússins og hafi hann sprengt upp peningakassann með jární, er hann hafi fundið í húsinu, og tekið það, er í honum var, en það hafi verið gamlir peningaseðlar. Ákærði hefur auk þess viðurkennt hjá lögreglu að hafa tekið minnispening og danskan 10 kr. gullpening í innbroti í Nýju Geirseyrina, en mundi ekki, hvort heldur það var, er hann fór í fyrra eða seinna skiptið þangað, en ákærði fór í þetta sama hús stuttu síðar, eins og rakið verður hér á eftir.

Af málsgögnum verður eigi annað ályktað en ákærði hafi stolið minnispeningnum og 10 kr. gullpeningnum í þessu innbroti, en ákærða hætti annars til við rannsókn málsins að rugla saman fyrra innbrotinu við hið síðara.

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu þykir nægilega sannað, að ákærði hafi þriðjudagsnóttina 1. júní 1971 brotízt inn í húsakynni netjaverkstæðisins Nýju Geirseyrarinnar og stolið þar úr peningakassa, sem hann sprengdi upp, nokkru af gömlum peningaseðlum, sem hann seldi fyrir kr. 5.000.00, og auk þess minnispeningi og 10 kr. gullpeningi, dönskum.

Hegðun ákærða er, eins og hér hefur verið rakið, réttilega lýst í ákæruskjali, dags. 21. janúar s.l. og hún þar réttilega heimfærð undir 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Stuttu síðar, eða 18. júní 1971, var lögreglunni aftur tilkynnt um innbrot í húsakynni sama netjaverkstæðis. Nú höfðu verið sprengdar upp níu millihurðir og við það notað járn. Einskis var saknað, en sýnilegt var, að reynt hafði verið að opna peningaskáp, en það ekki tekízt. Vinnupallar stóðu við húsið, og nokkrir gluggar stóðu opnir, þar sem í þá vantaði rúður.

Ákærði hefur hjá lögreglu og eins hér fyrir dómnum viðurkennt að vera valdur að þessu innbroti. Ákærði skreið inn um

sama glugga og hann hafði farið inn um í fyrra skiptið. Ákærði braut upp hurðirnar með járn, er hann fann í húsinu, og dró nú fram peningaskápin og reyndi að opna hann, en tókst ekki. Ákærði stal línubyssu, er var þarna í húsinu, en engu öðru.

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu, þykir sannað, að ákærði hafi föstudagsnóttina 18. júní 1971 brotízt inn í húsakynni netjaverkstæðis Nýju Geirseyrarinnar og stolið línubyssu. Peningaskáp fyrirtækisins reyndi ákærði einnig að opna, en án árangurs.

Hegðun ákærða er, eins og hér hefur verið rakið, réttilega lýst í ákæruskjali, dagsettu 21. janúar s.l., og þar réttilega heimfærð undir 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Skaðabótakrafa hefur komið fram vegna þessa innbrots ákærða, eins og rakið verður sérstaklega hér á eftir.

3. Sunnudaginn 22. ágúst 1971 var hringt á lögreglustöðina og tilkynnt um innbrot í byggingaverzlun Ársæls Á. Sveinssonar. Í vettvangsrannsókn lögreglu segir, að sprengd hafi verið upp útidyrhurð, en tekið var fram, að lás á hurðinni hafi verið ótraustur. Þá segir einnig, að brotin hafi verið rúða í millihurð og þannig verið komið að smekklás. Lyklar er hengu þar inni, er festir voru á merkisþjöld, og voru nú nokkrir af þeim horfnir, en spjöldin skilin eftir. Einskis var saknað annars en lyklanna.

Ákærði hefur hjá lögreglunni og hér fyrir dóminum játað að vera valdur að innbroti þessu. Ákærði sprengdi upp útidyrhurðina með kúbeini, er hann hafði meðferðis að heiman. Rúðuna í millihurðinni braut ákærði með hnefanum. Þarna inn leitaði ákærði að peningum, en fann enga, og fór ákærði úr húsinu án þess að taka neitt nema nokkra lykla, sem ákærði fleygði síðar.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn í máli þessu, er sannað, að ákærði hafi brotízt í þjófnaðarskyni sunnudagsnóttina 22. ágúst 1971 inn í byggingavöruverzlun Ársæls Sveinssonar og leitað að peningum, en enga fundið og því ekkert tekið annað en lykla, er hann síðan fleygði.

Hegðun ákærða er í ákæruskjali, dagsettu 21. janúar s.l., rétt lýst, en þar sem ekki kemur glögg fram, hvort lyklar þeir, er ákærði tók, voru einhvers virði, þykir verða að telja brot ákærða tilraun til þjófnaðar, og verður þá hegðun ákærða heimfærð undir 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Skaðabótakrafa hefur komið fram vegna þessa innbrots ákærða, eins og rakið verður sérstaklega hér á eftir.

4. Mánudaginn 23. ágúst var lögreglunni tilkynnt um innbrot

í timbursölu Kaupfélags Vestmannaeyja. Við vettvangsrannsókn kom í ljós, að útihurðin hafði verið sprengd upp, og töldu lögreglumenn, að það hefði verið gert með kúbeini. Alltraustbyggð læst járnhurð, alúmíníumklædd, hafði verið spennt upp, og úr peningakassa, er þarna var, höfðu verið teknir peningar að upphæð 8 til 10 þúsund krónur, að því er talið var, en ávísanir að upphæð kr. 35 þúsund voru skildar eftir. Ekki var séð, að annað hefði verið tekið eða skemmt, en tæki þau, er notuð voru við innbrotið, fundust ekki.

Ákærði hefur hjá lögreglu og eins hér fyrir dómnum viðurkennt að vera valdur að innbroti þessu. Ákærði sprengdi útihurð með kúbeini og einnig alúmíníumklæddu járnhurðina og kom síðan auga á peningakassa, og stóð lykillinn í kassanum. Ákærði stal 10 þúsund krónum úr kassanum, en skildi ávísanir, er þar voru einnig, eftir.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn í máli þessu þykir sannað, að ákærði hafi sunnudagsnóttina 22. ágúst 1971 brotitzt inn í timbursölu Kaupfélags Vestmannaeyja með því að spenna með kúbeini upp læstar dyr og stela þar inni úr peningakassa kr. 10.000.00 í peningum, en lykillinn stóð í peningakassanum, er ákærði kom að honum.

Hegðun ákærða er í ákæruskjali, dags. 21. janúar s.l., rétt lýst og hún þar réttilega heimfærð undir 244. gr. almennra hegngingarlagar nr. 19/1940.

Skaðabótakrafa hefur komið fram vegna þessa innbrots ákærða, eins og rakið verður sérstaklega hér á eftir.

5. Laugardaginn 4. september var lögreglunni tilkynnt, að brotitzt hefði verið inn í skipaafgreiðslu Herjólfss við Básaskersbryggju. Við rannsókn á vettvangi kom m. a. í ljós, að hurð að skrifstofu forstöðumanns hafði verið spennt upp og peningaskápur, er þar var, brotinn upp. Í peningaskápnnum voru minni kassar. Tvo þeirra var hægt að opna, en einn þurfti ákærði að brjóta upp. Forstöðumaður skipaafgreiðslunnar, Sigurgeir Sigurjónsson, taldi, að kr. 50 til 60.000.00 hefðu horfið úr peningakassanum, en taldi sig ekki geta gefið nákvæmari tölu um upphæðina, fyrr en hann hefði kannað öll skjöl nánar, en ávísanir, er einnig voru í peningaskápnnum, hafði ekki verið hreyft við.

Forstöðumaðurinn telur, að um kr. 53.000.00 hafi horfið úr peningaskápnnum, en segir, að ekki sé unnt að sannreyna fjárhæðina með ýtrustu vissu, en segir, að aðeins geti verið nokkurra króna mismunur á þessari fjárhæð og þeirri, er stolið var, á annan

hvorn veginn. Ákærði hefur frá upphafi neitað að hafa tekið eins háa upphæð eins og forstöðumaðurinn telur, að hafi horfið, en hefur hins vegar viðurkennt að hafa brotízt inn í skipaafgreiðsluna í fyrrgreint sinn. Í fyrstu viðurkenndi hann að hafa stolið 25 til 30 þúsund krónum, en í síðasta réttarhaldi sagðist ákærði hafa tekið kr. 33 þúsund í þessu innbroti, hvorki meira né minna. Ákærða María, er taldi fjárhæðina, er ákærði kom heim úr innbrotinu, með ákærða sjálfum, taldi, að um 30 þúsund krónur hafi verið að ræða. Forstöðumanninum hefur verið bent á, að ákærði hafi neitað að hafa tekið eins háa upphæð eins og hann taldi, að hefði horfið, og hann hefur verið beðinn að koma með frekari gögn, er sýndu, hvaða fjárhæð hafi horfið úr peningakössunum. Forstöðumaðurinn benti þá á, að hann hefði sagt yfirheyrður af lögreglu stuttu eftir innbrotið, að rúmar 50.000.00 krónur hefðu verið í kössunum auk ávísana, er ákærði hefði ekki tekið, en af því sagðist forstöðumaðurinn sjálfur hafa átt kr. 31.700.00.

Þar sem ekki eru fyrir hendi gögn, er sanni, að ákærði hafi tekið hærri fjárhæð en hann hefur sjálfur viðurkennt, verður litið svo á, að ákærði hafi stolið kr. 33.000.00 í þessu innbroti, og var það að nokkru eign fyrirtækisins, en að nokkru forstöðumanns þess, Sigurgeirs Sigurjónssonar.

Eins og fyrr greinir, hefur ákærði viðurkennt bæði hjá lögreglu og eins hér fyrir dóminum að hafa brotízt inn í skipaafgreiðsluna í fyrrgreint sinn. Ákærði, er lengi hafði ráðgert að brjótast þar inn og þekkti þar vel til staðhátta, fór niður um op á baki austast á byggingunni, og þannig komst ákærði niður í vörugeymslu afgreiðslunnar, en áður þurfti hann að sprengja upp hurð, og gerði hann það með klaufjárn, er hann hafði meðferðis að heiman. Rafmagnslyftu, er þarna var, notaði ákærði og komst þannig niður á næstu hæðir og að skrifstofu forstöðumanns, en þurfti þó áður að sprengja upp eina hurð til viðbótar. Ákærði komst nú að peningaskápnum, og tók það hann eina klukkustund að sprengja hann upp. Ákærði notaði hanska við innbrot þetta.

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu þykir nægilega sannað, að ákærði hafi laugardagsnóttina 4. september 1971 brotízt inn í skipaafgreiðslu Herjólfis á Básaskersbryggju og brotið þar upp peningaskáp og peningakassa og stolið þar kr. 33.000.00, er að nokkru var eign fyrirtækisins, en að nokkru forstöðumanns þess, Sigurgeirs Sigurjónssonar.

Hegðun ákærða er í ákæruskjali, dags. 21. janúar s.l., rétt lýst

að öðru leyti en því, að ekki verður fallizt á, að ákærði hafi tekið hærri fjárhæð en að framan greinir í þessu innbroti. Ákærði hefur gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með þessu innbroti, en í ákæruskjali var hegðun ákærða réttilega heimfærð undir þetta hegningarlagaákvæði.

Skaðabótakrafa hefur komið fram vegna þessa innbrots ákærða, eins og rakið verður sérstaklega hér á eftir.

6. Sunnudaginn 24. október var lögreglunni tilkynnt, að brotizið hefði verið inn í skrifstofu Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja við Strandveg 80.

Ákærði hefur bæði hjá lögreglu og eins hér fyrir dómnum viðurkennt að vera valdur að innbroti þessu. Ákærði fór inn í húsið með því að brjóta rúðu á norðurhlið hússins og komst inn á smíðastofu. Þar fann ákærði stórt klaufjárn og hamar, og notaði ákærði síðan verkfæri þessi til að brjóta upp skrifstofuhurðina og tók síðan til við að opna peningaskáp fyrirtækisins, er var læstur. Ákærða gekk erfiðlega að opna skápinn, en tókst það að lokum og tók úr honum kr. 11.500.00, en skildi eftir ávísanir, er þar voru einnig.

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu þykir sannað, að ákærði hafi laugardaginn 23. október 1971 brotizið inn í húsið Strandveg 80 og þar inn á skrifstofu Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja, stolið kr. 11.500.00 úr peningaskáp, er hann braut upp, og þannig gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Lýsing á hegðun ákærða og heimfærsla undir lagagrein er hvort tveggja rétt í ákæruskjali, dags. 21. janúar s.l.

Skaðabótakrafa hefur komið fram vegna innbrots þessa, eins og rakið verður sérstaklega hér á eftir.

B. Þjófnaðartilraunir.

7. Sunnudaginn 23. ágúst 1970 var lögreglunni tilkynnt um innbrot í skrifstofur Olúsamlags Vestmannaeyja. Samkvæmt skýrslum lögreglunnar hafði verið brotin rúða í austasta glugga á norðurhlið byggingarinnar. Hurð, er lá að skrifstofu, hafði verið sprengd upp, og við það hafði læsing hurðarinnar skemmzt. Þá segir einnig, að reynt hafi verið að opna læstan peningaskáp, en skrufjárn, er talið var, að notað hefði verið við þá tilraun, lá hjá peningaskápnunum. Forstjóri Olúsamlagsins taldi, að engu hefði verið stolið.

Ákærði hefur játað hjá lögreglu og eins hér fyrir dóminum að vera valdur að innbroti þessu. Ákærði sagðist hafa brotið fyrrgreinda rúðu og síðan skriðið inn í húsið. Ákærði sagðist hafa reynt að opna peningaskápinn með því að skrífa af honum haldið, en sagðist ekki hafa tekizt það og því farið burt án þess að stela nokkru. Ákærði sagði, að hann hefði skemmt eina hurð í húsinu með því að sprengja hana upp.

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu þykir nægilega sannað, að ákærði hafi sunnudagsnóttina 23. ágúst 1970 brotizið inn í skrifstofu Olíusamlags Vestmannaeyja, en þar inni reyndi ákærði árangurslaust að sprengja upp peningaskáp, en fór síðan af vettvangi án þess að stela neinu. Með verknaði þessum hefur ákærði gerzt sekur við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og réttilega er tilgreint í ákæruskjali, dags. 21. janúar s.l., og þar er þessum verknaði ákærða rétt lýst.

8. Miðvikudaginn 10. nóvember 1971 barzt lögreglunni tilkynning frá Apóteki Vestmannaeyja um, að brotizið hefði verið inn í geymslu, sem er áföst við húsið að norðanverðu. Í rannsókn lögreglu á vettvangi kom í ljós, að brotin hafði verið hurð, líklega með klaufjárnri eða öðru slíku járnri, að því er lögreglumenn töldu. Einnig hafði verið reynt að brjóta upp aðra hurð á sama stað. Forstöðumenn apóteksins töldu, að engu hefði verið stolið.

Ákærði hefur bæði hjá lögreglu og eins hér fyrir dómi viðurkennt að vera valdur að innbroti þessu. Ákærði sagði, að hann hefði farið inn í geymsluna með því að skorða skrufjárn milli stafs og hurðar og síðan hefði hann ýtt á læsingarjárnnið. Ákærði sagðist hafa farið þarna inn til að komast yfir peninga og morfín, en sagðist ekkert hafa tekið og farið sömu leið út og hann hefði komið.

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu þykir sannað, að ákærði hafi miðvikudagsnóttina 10. nóvember 1971 brotizið í Þjófnaðarskyni inn í bakhús Apóteks Vestmannaeyja í leit að peningum og morfíni, en ákærði fór af vettvangi án þess að stela neinu. Með verknaði þessum hefur ákærði gerzt sekur við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en verknaði ákærða er í ákæruskjali, dags. 21. janúar 1971, réttilega lýst og hann þar réttilega heimfærður undir þetta hegningarlagaákvæði.

III. Þjófnaðarbrot, er ákærði og ákærða frömdu í sameiningu.

Ákærða María hefur játað að hafa farið með meðákærða Einari í innbrot. Ákærða sagði, að hún hefði farið með honum í tvö skipti í Vélsmiðjuna Völund. Ákærða sagði, að þau hefðu farið í fyrra skiptið inn um ólæsta hurð á norðurhlið hússins. Ákærða sagði, að þau hefðu komizt inn í verzlunarhúsnæðið og tekið þar fjórar gosdrykkjaflöskur og nokkur súkkulaðistykki, en farið síðan úr húsinu sömu leið og þau komu. Ákærða sagðist hafa haldið á tösku, en meðákærði tekið gosið og sælgætið.

Framburður meðákærða er mjög á sama veg, en hann hefur einnig játað hjá lögreglu og hér fyrir dóminum að vera valdur að þessu innbroti með ákærðu. Ákærði segist ekki muna, hvort hann hafi beðið meðákærðu að koma með sér í þetta innbrot. Ákærði sagði, að þau hefðu ekki tekið annað en dálítið af sælgæti og öli.

Innbrot þetta var ekki tilkynnt lögreglu, og ekki hefur komið fram skaðabótakrafa vegna þess.

Með eigin játningu ákærðu þykir nægilega sannað, að ákærðu hafi í apríl eða maí 1971 farið saman í Vélsmiðjuna Völund og stolið þar dálitlu af sælgæti, öli og gosdrykkjum. Verksaði ákærðu er rétt lýst í ákæruskjali, dags. 21. janúar s.l., og með honum eru þau réttilega talin hafa brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

2. Ákærðu fóru aftur saman í Vélsmiðjuna Völund laugar-dagsnóttina 17. júlí 1971, en innbrotið var tilkynnt lögreglu strax um morguninn.

Ákærðu, sem bæði hafa játað hjá lögreglu og hér fyrir dóminum að hafa farið í húsið í fyrrgreint sinn, komust inn í húsið með því að brjóta rúðu á norðurhlið hússins. Ákærði braut rúðuna með hnefanum, en meðákærða hélt jakka hans fyrir rúðunni, áður en ákærði sló hnefanum í hana. Ákærði teygði sig síðan inn um rúðuopið og opnaði hurðina. Ákærði vissi af klaufjárnri í smiðjunni, og braut ákærði með því hurð, og komust þau þannig inn í verzlunina og að peningakassa, er þau fluttu með sér heim, og þar var kassinn sprengdur upp, og sögðust ákærðu hafa tekið kr. 5.000.00 úr kassanum. Peningunum eyddu ákærðu sameiginlega, en ákærða María fór að fyrirlagi meðákærða með peningakassann þá sömu nótt aftur að vélsmiðjunni, og höfðu þau þá tekið fyrrgreindar 5.000.00 krónur úr kassanum, en ekki hreyft við skjölum og reikningum, er einnig voru í kassanum. Ákærði taldi þó, er hann var yfirheyrður af lögreglu, að hann og meðákærða hefðu

stolið tæplega 6.000.00 krónum úr kassanum í fyrrgreint sinn, bæði seðlum og smámynt. Meðákærða María taldi, að þau hefðu stolið 5 til 6 þúsund krónum úr peningakassanum.

Vitnið Gunnlaugur Axelsson forstjóri, fæddur 31. janúar 1940, til heimilis að Kirkjuvegi 67, Vestmannaeyjum, taldi, að 15.000.00 krónur hefðu horfið úr kassanum, 13.000.00 krónur í seðlum og 2.000.00 krónur í skiptimynt. Er vitninu bent á, að er það hafi tilkynnt lögreglu um innbrotið, hafi það sagt, að krónur 5.000.00 hefðu verið í kassanum auk nótubókar og tryggingarbréfs að upphæð kr. 100.000.00, þá sagðist það ekki geta skýrt það ósamræmi, er kæmi fram. Vitnið sagði, að í fyrstu hefði peningakassinn ekki fundizt þrátt fyrir leit starfsmanna og lögreglu, en er peningakassinn hefði síðar fundizt, hefði þótt viðeigandi að greiða finnanda kr. 10.000.00 í fundarlaun, þar sem tryggingarbréfið og nótubækurnar komust þá til skila.

Þar sem ekki hefur verið rennt sérstökum stoðum undir það, að ákærðu hafi stolið kr. 15.000.00 úr peningakassanum í fyrrgreint sinn, verður að líta svo á, að ákærðu hafi ekki stolið hærri upphæð úr kassanum en þau sjálf hafa viðurkennt, en þeim bar samman um við rannsókn málsins, að þau hefðu tekið kr. 6.000.00 úr honum. Varðandi töku á nótubókum og tryggingarbréfi að fjárhæð kr. 100.000.00 verður ekki fallizt á, að um fullframið þjófnaðarbrot hafi verið að ræða, þar sem viðurkennt er, að ákærðu fóru aftur með peningakassann að vélsmiðjunni með tryggingarbréfinu og nótubókunum í, og komust þau þannig til skila til réttra eigenda nokkru síðar.

Með eigin játningu ákærðu og öðrum gögnum í máli þessu þykir nægilega sannað, að ákærðu hafi brotizt laugardagsnóttina 17. júlí 1971 inn í Vélsmiðjuna Völund og stolið þar kr. 6.000.00 úr peningakassa fyrirtækisins, er þau fóru með heim til sín og sprengdu peningakassann þar upp. Ákærða María fór síðan að fyrirlagi ákærða með kassann aftur að vélsmiðjunni, og höfðu þau ákærðu þá ekki hreyft við tryggingarbréfi að fjárhæð kr. 100.000.00 og nótubókum, er einnig voru í peningakassanum, og komst þetta hvort tveggja til skila til réttra eigenda. Ákærðu voru þannig ekki búin að fullfremja þjófnaðarbrot, að því er varðar töku á nótubókum og tryggingarbréfi að fjárhæð kr. 100.000.00.

Með töku sinni á krónum 6.000.00 úr peningakassa Vélsmiðjunnar Völundar hafa ákærðu gerzt brotleg við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en að öðru leyti er hér ekki um fullframið þjófnaðarbrot að ræða.

Skaðabótakrafa hefur komið fram vegna þessa þjófnaðar ákærðu, eins og rakið verður sérstaklega hér á eftir.

3. Sunnudaginn 29. ágúst 1971 var lögreglunni tilkynnt um innbrot í skrifstofu hússins Strandvegur 80.

Ákærðu hafa bæði játað hjá lögreglu og eins hér fyrir dóminum að hafa framið innbrot þetta í sameiningu.

Ákærði sagði, að hann teldi, að hann hefði ekki lagt hart að meðákærðu að koma með sér í þetta innbrot. Ákærði sagði, að venjulegast hafi hann verið búinn að ákveða það fyrirfram, í hvaða fyrirtæki hann ætlaði að brjótast inn í. Ákærði sagði, að þau hefðu haft kúbeinið með sér að heiman. Ákærði braut upp hurð á norðurhlið hússins, og stóð meðákærða þá við hlið hans. Ákærðu fóru síðan inn á verkstæði, sem er á neðstu hæð hússins, og á efri hæð hússins braut ákærði hverja einustu hurð, er varð á vegi hans, en tvær hurðir á miðhæð. Ákærði reyndi nú við peningaskáp á skrifstofu Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja, og dældaði hann eitt horn á honum, en tókst ekki að opna hann. Ákærði sagði, að það eina, sem þau ákærðu tóku í þessu innbroti, hafi verið kr. 5.000.00 úr tösku Þórarins Jónssonar bókhaldara.

Meðákærða María sagði, að hún hefði haldið á vasaljósi, á meðan Einar braut upp hurðina, og sagði hún, að þau hefðu tekið fjögur til fimm þúsund úr skjalatösku, er verið hafi þar inni.

Með eigin játningu ákærðu og öðrum gögnum í máli þessu þykir sannað, að ákærðu hafi sunnudagsnóttina 29. ágúst 1971 brotízt inn í hús dánarbús Ársæls Sveinssonar að Strandvegi 80. Inn í skrifstofu Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja reyndi ákærði að brjóta upp peningaskáp, en án árangurs. Í þessu innbroti stálu ákærðu um kr. 5.000.00 úr tösku Þórarins Jónssonar bókhaldara. Með verknaði þessum hafa ákærðu gerzt sek um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en í ákæruskjali, dags. 21. janúar s.l., er verknaði ákærðu nákvæmlega lýst og hann þar réttilega heimfærður undir þetta hegningarlagaákvæði.

Skaðabótakrafa hefur komið fram vegna þessa innbrots ákærðu, eins og rakið verður sérstaklega hér á eftir.

Framangreind þjófnaðarbrot í II og III hefur ákærði játað að hafa framið í auðgunarskyni með þeim ásetningi að komast yfir peninga.

IV.

Refsing ákærðu þykir með hliðsjón af framangreindri heg-

ingarlagagrein, hinum fjölmörgu þjófnaðarbrotum og tilraunum til þeirra, hins yfigripsmikla tjóns, er þeim var samfara, aldri þeirra og alls framferðis hæfilega ákveðin þannig:

Ákærði, Einar Þór Kolbeinsson, sæti fangelsi í 18 mánuði. Ákærði Einar sat í gæzluvarðhaldi frá 14. nóvember til 21. nóvember, meðan á rannsókn á máli hans stóð. Í samræmi við 76. gr. almennra hegningarlaga skal sá tími koma í stað refsingar og því til frádráttar refsingu ákærða.

Ákærða María Óskarsdóttir skal sæta fangelsi í 3 mánuði. Fullnustu refsingar þykir þó mega fresta, og skal hún niður falla að 3 árum liðnum, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, haldið.

Ákærða María sat í gæzluvarðhaldi frá 15. nóvember til 21. nóvember, meðan á rannsókn á máli hennar stóð. Í samræmi við 76. gr. almennra hegningarlaga skal sá tími koma í stað refsingar og því til frádráttar refsingu ákærðu.

Eftirtaldir aðiljar hafa gert kröfu til skaðabóta á hendur ákærða Einari Þór Kolbeinssyni:

a.

Vélsmiðjan Völundur h/f.

Krafan sundurliðast þannig:

„1. Peningar, sem stolið var, ca.	kr. 15.000.00
2. Eyðilegging á peningakassa ca. ..	— 3.000.00
3. Viðgerð á hurð og rúðu	— 1.500.00

Samtals kr. 19.500.00

4. Enn fremur förum vér fram á að fá greiddan fundarlaunakostnað, sem vér greiddum Jóni Magnússyni sem fundarlaun fyrir peningakassann, þar sem í honum voru nótubækur og á-ríðandi skjöl	kr. 10.000.00
---	---------------

Samtals kr. 29.500.00“

Ákærði hefur talið, að fundarlaunakrafa sé honum óviðkomandi og peningakrafan, liður 1, of há, en að öðru leyti samþykkt kröfu þessa.

Ljóst er, að ákærða ber að greiða allt það fjártjón, sem telja má sennilega afleiðingu verknaðar hans.

Að því er lið 1 varðar, er komið fram hér að framan, að gögn málsins gefa á engan hátt til kynna, að ákærði hafi tekið hærri fjárhæð en kr. 6.000.00 úr peningakassanum, og samkvæmt því þykir mega taka til greina kröfu um bætur vegna þjófnaðar á peningum með kr. 6.000.00.

Að því er síðasta lið kröfunnar varðar um bætur fyrir greiddan fundarlaunakostnað, þykir mega taka hann til greina með kr. 5.000.00 með hliðsjón af því, að hann hefur verið skýrður að nokkru leyti, en þó ekki fyllilega.

Kröfuna þykir mega taka til greina að öðru leyti, enda verið samþykkt af ákærða.

Ber því að dæma ákærða til að greiða Vélsmiðjunni Völundi h/f skaðabætur kr. 15.500.00.

b.

Hafnarsjóður Vestmannaeyja.

Krafan sundurliðast þannig:

„1.	Viðgerð á hurð	kr. 1.474.00
2.	Andvirði peningaskáps	— 60.000.00
3.	Andvirði lítils peningakassa	— 955.00
4.	Peningar, sem stolið var	— 53.000.00

Samtals kr. 115.429.00

Athugasemdir:

Liður 1. Þessi krafa er samkvæmt viðgerðarreikningi.

— 2. Þótt viðgerð hafi verið framkvæmd á þeim peningaskáp, sem brotinn var upp í innbrotinu, þá er einsýnt, að honum verði ekki treystandi framur. Er því talið óhjákvæmilegt að kaupa nýjan skáp. Því er hér sett fram krafa um greiðslu andvirðis nýs peningaskáps að svipaðri stærð og gerð og sá, er brotinn var upp.

— 3. Þarfnast ekki skýringar.

— 4. Ekki er hægt að sannreyna þessa fjárhæð með ýtrustu vissu, en óhugsandi er, að á þessari fjárhæð og þeirri, er stolið var, sé nema nokkurra kr. mismunur á annan hvorn veginn.“

Þess skal getið, að hin umkrafða peningafjárhæð var að hluta eign skipaafgreiðslunnar, en að hluta eign forstöðumanns hennar, Sigurgeirs Sigurjónssonar, segir þar einnig.

Er skaðabótakrafan var borin undir ákærða, gerði hann athugasemdir við 2. og 4. lið, en samþykkti lið 1 og 3. Varðandi 4. lið taldi hann, að sú upphæð væri of há, því hann hefði ekki tekið svo mikla peninga, er hann brautzt inn í skipaafgreiðsluna.

Þá hefur verjandi ákærða bent á, að liður 2 sé órökstuddur og vanti m. a. öll gögn, er geri fjárhæð þess liðs sennilega.

Er umboðsmönnum kröfuhafa var bent á framangreind mót-mæli ákærða við kröfugerðinni, óskuðu þeir eftir að fá að breyta 2. lið hennar, þar sem krafan hafi í upphafi verið reist á því, að vonlaust mætti telja, að nokkru sinni væri unnt að gera þannig við peningaskáp þann, er brotinn var í umrætt sinn. Þar sem hins vegar væri komið í ljós, að viðgerð sú, er framkvæmd var á skápn-um, hefði tekizt einstaklega vel, þannig að talið væri, að nota mætti hann áfram, þá óskuðu þeir eftir að fá að breyta 2. lið kröfunnar þannig, að ákærði yrði í staðinn látinn greiða kr. 9. 346.50 vegna greiðslu kostnaðar viðgerðar á gamla skápn-um. Með þessari breytingu á kröfugerðinni fylgdu allir reikningar varð-andi viðgerðina á peningaskápn-um, og hafði hún verið greidd af bótakrefjendum.

Lið 4 í kröfugerðinni töldu þeir sig ekki geta skýrt nánar né gert breytingar á til lækunar.

Liður 2 með áorðinni breytingu virðist sanngjarn, enda er nú gerð fullnægjandi grein fyrir honum. Varðandi 4. lið kröfugerð-arinnar verður ekki séð af málsgögnum, að ákærði hafi tekið hærri fjárhæð en kr. 33.000.00, eins og rakið er nánar í II A 5 hér að framan. Aðrir liðir kröfunnar hafa verið samþykktir af ákærða, enda er þar ekki farið fram á annað eða meira tjón en bótakrefjandi varð fyrir af hendi ákærða.

Ber því að dæma ákærða til að greiða Hafnarsjóði Vestmanna-eyja kr. 44.775.50 í skaðabætur.

c.

Gísli R. Sigurðsson vegna m/b Einis, VE 180, og
veiðarfæragæymslu Gísla R. Sigurðssonar, Strandvegi 85.
Krafan sundurliðast þannig:

- | | |
|---------------------------------|--------------|
| „1. Skemmdir á lyfjakistu | kr. 5.000.00 |
| 2. Taka lyfja | — 5.000.00 |

3. Skemmdir á skúffulæsingu og skúffu kr. 2.000.00

Samtals kr. 12.000.00

Tekið skal fram eftirfarandi:

1. Samkvæmt áætluðum viðgerðarkostnaði, en ný lyfjakista mun kosta um kr. 10—12.000.00.
2. Samkvæmt áætlun um endurnýjun vegna skemmda, umróts og lyfjatöku.
3. Samkvæmt áætluðum viðgerðarkostnaði.

Jafnframt fer ég fram á, að Einar Þór Kolbeinsson verði látinn greiða bætur vegna innbrots í veiðarfærageymslu mína við Strandveg 85. Kröfugerðin er þessi:

1. Nýr 10 manna gúmmíbjörgunarbatúr kr. 80.000.00
2. Brot á hurð og læsingu — 2.000.00

Samtals kr. 82.000.00

Tekið skal fram, að Einar Þór gjöreyðilagði gúmmíbjörgunarbatúnn með því að skera hann þannig í sundur, að hann er talinn óviðgerðarhæfur og ónýtur sem björgunartæki.

2. Þarfnast ekki skýringar.

Samtals verður því bótakrafa mín á hendur Einari Þór Kolbeinssyni kr. 12.000.00 + 82.000.00, samtals kr. 94.000.00.“

Ákærði hefur samþykkt bótakröfuna, og þar sem ekki virðist vera farið fram á annað eða meira tjón en bótakrefjandi varð fyrir af hendi ákærða, þykir mega taka hana að öllu leyti til greina.

Þer því ákærða að greiða Gísla R. Sigurðssyni vegna m/b Einis og veiðarfærageymslu Gísla R. Sigurðssonar kr. 94.000.00 í skaðabætur.

d.

Lárus Á. Ársælsson vegna dánarbús Ársæls Sveinssonar.
Kröfugerðin er þessi:

„A. Vegna innbrots í byggingavöruverzlunina Strandvegi 77.

1. Skemmdir á hurðum kr. 1.500.00
- B. Vegna innbrots í skrifstofur og smíðaverkstæði að Strandvegi 80.

1. Skemmdir á 9 hurðum og dyraumbúnaði . . kr. 13.500.00
 C. Vegna innbrots að Strandvegi 80 laugard.
 23. október.
 1. Skemmd á hurð, dyraumbúnaði og rúðubrot — 2.000.00

Varðandi B. 1. viljum vér taka eftirfarandi fram. Eins og Einar hefur sjálfur viðurkennt, braut hann upp 9 hurðir á skrifstofu og smíðaverkstæði voru. Hurðir þessar ásamt dyraumbúnaði öllum er illa skemmt, sumt algjörlega ónýtt. Bráðabirgðaviðgerð hefur farið fram, og fullnaðarviðgerð er væntanleg. Hurðir þessar eru sléttar krossviðarhurðir, og er óhjákvæmilegt að mála þær, enda var þannig frá þeim gengið, er Einar Þór gekk að þeim í fyrrgreindu innbroti. Áætlaður viðgerðarkostnaður á hverja hurð er ca. kr. 1.500.00. Kröfugerð okkar verður því samtals kr. 17.000.00,“ segir þar að lokum.

Ákærði hefur samþykkt kröfugerð þessa algerlega, og með hliðsjón af sakargögnum, sbr. og liði II A, III 3 og II A 6 hér að framan, þykir mega taka hana að fullu til greina, enda er ekki farið fram á annað eða meira tjón en bótakrefjandi varð fyrir af hendi ákærða.

Ber því ákærða að greiða Lárusi Á. Ársælssyni vegna dánarbús Ársæls Sveinssonar kr. 17.000.00 í skaðabætur.

e.

Timbursala Kaupfélags Vestmannaeyja.

Kröfugerðin er þessi:

„1. Peningar	kr. 10.000.00
2. Skemmdir á hurðum	— 5.000.00

Samtals kr. 15.000.00

Liður 1. Þarfnast ekki skýringar, enda hefur kærði Einar játað hann sem réttan.

Liður 2. Viðgerðarkostnaður á útidyrhurð og alúmíníumsleginni hurð í eldvarinni geymslu.“

Ákærði hefur samþykkt kröfugerð þessa, og með hliðsjón af sakargögnum, sbr. lið II A 4 hér að framan, þykir mega taka hana að öllu leyti til greina, enda er ekki farið fram á annað eða meira tjón en bótakrefjandi varð fyrir af hendi ákærða.

Ber því ákærða að greiða timbursölu Kaupfélags Vestmannaeyja kr. 15.000.00 í skaðabætur.

f.

Nýja Geirseyrin við Básaskersbryggju.

Krafan er þessi:

„1. Skemmdir á 9 hurðum kr. 18.000.00

Kröfugerðin er miðuð við viðgerð á venjulegum innanhúshurðum. Dyrastafur er brotinn á öllum þessum hurðum. Bráðabirgða-viðgerð hefur farið fram, en beðið er eftir frekari viðgerð. Viðgerðarkostnaður er áætlaður kr. 2.000.00 á hverri hurð.“

Ákærði hefur samþykkt kröfu þessa, og með hliðsjón af sakargögnum, sbr. og lið II A 2 hér að framan, þykir mega taka hana til greina, enda ekki farið fram á annað eða meira tjón en bóta-krefjandi varð fyrir af hendi ákærða.

Ákærða ber því að greiða Nýju Geirseyrinni kr. 18.000.00 í skaðabætur.

g.

Haraldur Hannesson vegna m/b Baldurs.

Krafan er þessi:

„1. Skaðabótakrafa v/viðgerðar á hurð efni og vinnu kr. 4.540.00

Samtals kr. 4.540.“

Ákærði hefur samþykkt kröfu þessa, og þykir eftir atvikum og með hliðsjón af sakargögnum, sbr. og lið I A 4 hér að framan, mega taka hana til greina, enda virðist ekki vera farið fram á annað eða meira tjón en bótakrefjandi hefur orðið fyrir af hendi ákærða.

Ber því ákærða að greiða Haraldi Hannessyni vegna m/b Baldurs kr. 4.540.00 í skaðabætur.

h.

Fiskiðjan h/f.

Skaðabótakrafa á hendur Einari Þór Kolbeinssyni vegna innbrotsskemmda og þjófnaðar í eftirtalda báta.

Krafan er þannig sundurliðuð:

„1. M/b Breka, VE 206. Morfin	kr. 277.00		
Áhöld úr sjúkrakassa	— 978.00	kr. 1.255.00	
2. M/b Frár, VE 208. Áætlaður kostn. v/skemmda á hurðum		— 5.000.00	
3. M/b Sindra, VE 203. Morfin	— 277.00		
Vinna og efni v/skemmda	— 3.727.00	— 4.044.00	
Samtals kr. 10.299.00“			

Ákærði hefur samþykkt kröfu þessa, en þar sem ekki hefur verið gerð refsikrafa af hálfu ákærvaldsins vegna háttsemi ákærða, er hann tók lyf úr m/b Breka, hlýtur ákærði því ekki dóm vegna hennar og verður þá heldur ekki dæmdur til skaðabóta-greiðslu vegna þeirrar háttsemi, sbr. 3. mgr. 146. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála. Hér verður því aðeins dæmt um 2. og 3. lið kröfu þessarar, og þar sem þeir eru í samræmi við það, sem kemur fram í sakargögnum, sbr. og liði B 16 og II A 10 hér að framan, þykir mega taka þá til greina, enda sann-gjarnir.

Ber því ákærða að greiða Fiskiðjunni h/f í skaðabætur kr. 9.004.00. Kröfu um bætur vegna lyfjatöku úr m/b Breka, VE 206, verður að vísa frá dómi, sbr. 3. mgr. 146. gr. laga nr. 82/1961.

j.

Þórarinn G. Jónsson

Krafan er þessi:

„Við innbrot í skrifstofu mína 29. ágúst s.l. voru teknir pening-
ar úr innheimtutösku, sem lá á borði í skrifstofunni, að upphæð
kr. 5.000.00.

Þar sem innbrot þetta er upplýst, leyfi ég mér hér með að
gera þá kröfu, að innbrotsmanni verði gert að greiða mér nefnda
fjárhæð kr. 5.000.00.“

Ákærði hefur samþykkt kröfu þessa, og hún er í samræmi við
sakargögn.

Ber því ákærða að greiða Þóarni G. Jónssyni skaðabætur kr.
5.000.00.

Bátabyrgðarfélag Vestmannaeyja.

Krafan er þessi:

„Við innbrot í skrifstofu okkar 23. október s.l. var brotinn upp peningaskápur og teknir úr honum peningar kr. 11.500.00.

Þar sem innbrot þetta mun upplýst, leyfum við okkur að gera kröfu á hendur innbrotsmanni, að hann skili aftur peningum þeim, er hann tók, og bæti skemmdir á peningaskáp með kr. 10.000.00. Samtals kr. 21.500.00.“

Ákærði hefur samþykkt kröfu þessa, og hún er í samræmi við sakargögn.

Ber því ákærða að greiða Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja kr. 21.500 í skaðabætur.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Jóns Hjaltasonar, sem ákveðin eru kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Þór Kolbeinsson, sæti fangelsi í 18 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 14. nóvember til 21. nóvember.

Ákærða, María Ólafsdóttir, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fullnustu refsingar þykir þó mega fresta, og skal hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, haldið. Til frádráttar refsingu ákærðu, ef til fullnustu hennar kemur, komi gæzluvarðhaldsvist ákærðu frá 15. nóvember til 21. nóvember.

Ákærði, Einar Þór Kolbeinsson, greiði eftirtöldum aðiljum skaðabætur sem hér segir:

1. Vélsmiðjunni Völundi h/f	kr. 15.500.00
2. Hafnarsjóði Vestmannaeyja	— 44.775.50
3. Gísla R. Sigurðssyni	— 94.000.00
4. Lárusi Ársælssyni vegna dánarbús Ársæls Sveinssonar	— 17.000.00
5. Timbursölu Kaupfélags Vestmannaeyja ..	— 15.000.00
6. Nýju Geirseyrinni vegna Básaskersbryggju	— 18.000.00
7. Haraldi Hannessyni vegna m/b Baldurs	— 4.540.00
8. Fiskiðjunni h/f	— 9.004.00
9. Þórarni G. Jónssyni	— 5.000.00
10. Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja	— 21.500.00

Ákærðu greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-

arlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Jóns Hjalta-sonar, kr. 10.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. apríl 1973.

Nr. 144/1972: **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einarsson, aðalfulltrúi sak-sóknara ríkisins, skipaður saksóknari ad hoc) gegn

Hreggviði Munin Jónssyni

(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Banaslys. Brot gegn umferðarlögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar:

Eftir uppsögu hérðasdóms hafa tveir starfsmenn rannsókn-arlögreglu samkvæmt kvaðningu héraðsdómara og að ósk verjanda kannað sjónarfæri manna, er staddir eru á efstu svöl-um á húsinu Lynghaga 10—12 í Reykjavík, yfir umferðar-svæði það á Suðurgötu, er skýrslur vitnanna Björns Ólafs Hallgrímssonar og Þórarins Einarssonar taka til. Í greinar-gerð hinna dómkvöddu manna, sem studd er ljósmyndum, er því lýst, að vegalengd frá miðlinu greinds húss að vestur-brún Suðurgötu er 81 metri, en umferðarsvæði það á Suður-götu, er útsýnar nýtur yfir, er 31 metri að lengd. Segir í greinargerðinni, að „greinilega“ sjáist af svölunum yfir þetta umferðarsvæði og skyggi ekkert á útsýni af svölunum til bifreiðar, er ekið sé á þessu svæði.